

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 20. apríl 2016
UST201604-069/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Stangarhylur - náma við Stangarlæk. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 11. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Náma E22a er gömul náma í mólendi við Stangarlæk vestan Laugavatnsvegar. Þarna hefur verið stunduð efnistaka um árábil og áætlað er þegar hafi verið teknir um 450.000 m³ af efni úr námunni.


Náman er ekki á verndarsvæði og efnistakan ferð ekki fram í jarðmyndun sem nýtur sérstakrar verndar. Ekki er talið að á svæðinu finnist sjaldgæfur gróður en ekki kemur fram á hvaða gögnum sú niðurstaða er byggð. Fuglar á svæðinu eru taldir vera venjulegir mófuglar.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif efnistökkunnar verði sjónræn áhrif. Þau áhrif eru að mestu fram komin. Stofnunin telur jákvætt að viðhalda öröskuðu svæði næst Laugavatnsvegi til að draga úr þessum áhrifum eins og fram kemur í greinargerð. Umhverfisstofnun telur að draga megir verulega úr neikvæðum áhrifum efnistökkunnar með markvissari frágangi á námusvæðinu. Stofnunin telur að bæta megir skipulag efnistöku og frágangs við Stangarhyl og vill benda á umgengi um Núpanámu í því sambandi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri